

Sjóðurinn er undir stjórn skólanefndar Kvennaskólans á Blönduósi, og skal reikningur sjóðsins fyrir umliðið reikningsár lagður fyrir sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu ár hvert til endurskoðunar og samþykktar.

Reykjavík, 18. maí 1933.

*Elín Briem Jónsson.*

## REGLUGERÐ

### um merking fiskpakka.

Merkingu fiskpakka, sem ætlaðir eru til útflutnings, skal fyrir komið þannig, að hver verkunarstöð hafi eitt eða fleiri merki, sem er samsett af þrem bókstöfum. Skal þetta merki sett á framhlið pakkans eða kassans í línu yfir sendingarmerki, sem er samsett af tölustöfum.

Fyrsti stafur merkisins táknar yfirmatsumdæmi, annar veiðistöð, en þriðji verkunarstöð.

Matsumdæmi yfirfiskimatsmannsins í Reykjavík hefir bókstafinn F (Faxi)

—	—	á Ísafirði	—	—	O (Oeste)
—	—	— Akureyri	—	—	N (Norte)
—	—	— Seyðisfirði	—	—	E (Este)
—	—	í Vestm.eyj.	—	—	V (Vestman)

Yfirfiskimatsmaður ákveður bókstaf einn eða fleiri fyrir veiðistöð, eða útflutningshöfn og verkunarstöð, sem einnig getur haft fleiri merki en eitt. Skal hyllst til að láta stærstu stöðvarnar fá stafi, sem hægt er að kveða að.

Ekki má nota stafina Á, Í, Ó, Ö, Æ, Þ, eða W og ekki X nema til að tákna afbrigði, svo sem að fiskur sé veiddur í öðru umdæmi en hann er verkaður. Skal síðan geta afbrigðisins á matsvottorði. X-ið skal sett sem fjórði stafur.

Önnur merki, sem félög eða einstaklingar óska eftir að setja á pakkana, mega ekki vera meira en 30 sm. á hvern veg.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt fundarsamþykkt yfirfiskimatsmanna, sbr. 5. mgr. 2. gr. laga nr. 46, 8. september 1931, um fiskimat, til þess að ganga í gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. júní 1933.*

**Þorsteinn Briem.**

*Vigfús Einarsson.*